

Alþingi

Nefndarsvið

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Akureyri 9. janúar 2020

Umsögn Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar Fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar fagnar þeirri miklu og góðu framtíðarsýn sem ríkir í Samgönguáætlun 2020-2034. Þar eru dregnir fram mikilvægir hlutir sem lýsa skýrri framtíðarstefnu í byggðarmálum alls landsins. Almenningsamgöngur á landi, lofti og legi eru gríðarlega mikilvægar fyrir land eins og Ísland. Mikilvægi Reykjavíkurlugvallar, nýjar gáttir inn í landið, uppbygging alþjóðaflugvalla utan Keflavíkur og styrking almenningsamgangana um allt land eru dæmi um mikilvæga innviðauppbyggingu. Það að innanlandsflug verði skilgreint sem almenningsamgöngur og að skoska-leiðin (liður 4,5 og markmið nr.6) verði að veruleika eru dæmi um mikilvægar aðgerðir sem þurfa að verða að veruleika sem fyrst.

Þegar aðgerðaráætlun samgönguáætlunar 2020-2024 er skoðuð kemur hins vegar í ljós að sú framtíðarsýn og markmið sem upp eru talin í samgönguáætlun fá ekki fjármagn næstu 5 árin. Hér fara ekki saman orð og efndir og góð áætlun missir marks. Almennt er hægt að fullyrða að Norðurland eystra beri skarðan hlut frá borði við skiptingu fjármagns milli landshluta.

Í lið 2.1 kemur fram að 1.319 milljónum verði varið í Alþjóðaflugvelli næstu 5 árin. Þar af eru aðeins áætlaðir 78 milljónir í Akureyrflugvöll vegna reglubundins viðhalds. Þetta þýðir að Akureyrarflugvöllur mun ekki komast í viðunandi horf á þeim tíma og gengur því þvert á stefnu stjórnvalda um uppbyggingu innanlandsflugs sem almenningsamgangna og uppbyggingu Akureyrarflugvallar sem alþjóðaflugvallar líkt og kemur fram í samgönguáætlun.

Gert ráð fyrir óbreyttri þjónustu á flugvöllum sem er óviðundandi og gerir Atvinnuþróunarfélagið alvarlegar athugasemdir enda mun þjónustan skerðast eða dragast saman næstu árin að óbreyttu.

Atvinnuþróunarfélagið gerir athugasemd við að heimild sé veit til leigu eða kaups á nýrri flugstöð við Akureyrarflugvöll en ekki fylgja því fjárrmunir. Einnig þarf að standa vörð um þróun aðflugsbúnaðar og má þar nefna að skoða RNP AR og möguleika á EGNOS úr suðri.


Í lið 4.4. nr. 7 aðgerðaráætlunarinnar kemur fram að velja skuli vistvæna kosti eins og kostur er í almenningsamgöngukerfinu. Samt er hvergi minnst á rafvæðingu Hríseyjarferju eða kaup á nýrri rafvæddri ferju, sem búið er að sýna fram á að borgi sig upp á örfáum árum.

Í lið 4.5 í markmiðum um jákvæða byggðapróun kemur fram kemur að leiðakerfi almenningssamgangna verði endurskoðað með samræmdum viðmiðum um þjónustu. Í aðgerðaráætluninni er þetta markmið hvorki útfært frekar eða fjármagnað.

Líkt og kemur fram í þessari umsögn skiptir Akureyrarflugvöllur miklu máli fyrir byggðirnar í landinu enda er Akureyri stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins. Akureyri er miðstöð sjúkraflugs á Íslandi og hefur umferð millilandaflugs verið að aukast síðustu misseri og áform um að sú umferð aukist enn frekar. Árið 2018 var 80% aukning á umferð um flugvöllinn frá fyrra ári.

Skilvirkar, nútímalegar og umhverfisvænar almenningssamgöngur skipta fólki úti á landi líka miklu máli og mjög brýnt að þeim sé gert hærra undir höfði en gert er í þessari aðgerðaáætlun.

f.h. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar



Sigmundur Einar Ófeigsson